

Norðurþing  
 Gaukur Hjartarson,  
 skipulags- og byggingarfulltrúi  
 Ketilsbraut 9  
 640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. desember 2012

Tilvísun: UST20121100125/bs

### Efni: Skipulagslýsing vegna deiliskipulags hluta iðnaðarsvæðis á Bakka. Umsögn

Vísað er til bréfs Norðurþings dags. 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulagslýsingu.


Þar sem fallið hefur verið frá áformum um byggingu ávers á Bakka er hér hafin vinna við að deiliskipuleggja minni lóðir syrir stóriðju á iðnaðarsvæðinu á Bakka, sem hver um sig verður 10-20 ha en áverslóðin var um 200 ha.


Í greinargerð er sjallað um þætti sem verða hafðir að leiðarljósi við nýtingu iðnaðarsvæði á Bakka. Þau miða flest að því að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda. T. d. er ráðgert að forðast eins og kostur er að byggja austan þjóðvegar, skilja eftir græn svæði utan iðnaðarlóða og vernda votlendissvæði nyrst á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að Norðurþing skuli grípa þetta tækifæri til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna iðnaðaruppbýggingar á Bakka með því að skipuleggja iðnaðarlóðir þannig að rask á vistkerfum og jarðmyndunum verði minni en ella.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda skipulagslýsingu.

Virðingarfyllst

  
 Áðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
 deildarstjóri

  
 Björn Stefánsson  
 sérfræðingur